

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

1. Að óheimilt verði að leggja ökutækjum í snúningshaus við Naustabryggju 19-21 og 24-26.
2. Að eitt bifreiðastæði við Hólmgarð 41 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 22. janúar 2026.

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs,
Dagný Alma Jónasdóttir lögfræðingur.

B deild - Útgáfudagur: 5. febrúar 2026